



# Ársskýrsla Súlunnar 2019

Frá sjónarhorni forstöðumanns Súlunnar



## Árskýrsla Súlunnar 2019

Í ársskýrslu Súlunnar er farið yfir helstu atriði sem áttu sér stað á árinu hjá Súlunni og þeim deildum sem hafa aðsetur í Gömlu búð. Ekki eru teknar fyrir menningarstofnanir bæjarins þar sem þær skila eigin ársskýrslum. Árið 2019 markaði miklar breytingar, tilfærslur og undirbúning að mótun og þróun sem áttu sér stað í byrjun árs 2020.


## Súlan

Árið 2019 urðu breytingar á skipulagi stjórnsýslunnar í Reykjanesbæ þegar Súlan var sett á laggirnar. Með mótun Súlunnar voru ýmsar deildir sameinaðar undir einn hatt sem styrkja átti samverkandi áhrif þeirra með samvinnu milli deilda og vinnu þvert á svið stjórnsýslunnar. Þessar deildir voru atvinnuþróun, ferðamál, almannatengsl og menningarmál en þar heyra undir Hljómahöllin, Rokksafn Íslands, Bókasafn Reykjanesbæjar, Listasafn Reykjanesbæjar og Byggðasafn Reykjanesbæjar. Í októbermánuði voru verkefnastjóri atvinnuþróunar og verkefnastjóri almannatengsla fluttir frá ráðhúsi Reykjanesbæjar yfir í hús Gömlu búðar þar sem verkefnastjóri menningarmála hafði aðsetur. Þegar fram liðu stundir fékk verkefnastjóri ferðamála einnig aðsetur í Gömlu búð.



## Starfsmannahald

Forstöðumaður Súlunnar var ráðinn og hóf hann störf um mánaðamótin ágúst/september. Hann fékk einnig aðsetur í húsi Gömlu búðar. Menningarfulltrúi lauk störfum í október 2019. Í lok árs 2019 voru starfsmenn Súlunnar 82. Þar af eru 18 fastráðnir og 64 afleysingarstarfsmenn. Stjórnendastöður voru 8 talsins.



### Verkefnastofa

Hlutverk skrifstofu Súlunnar felst í því að halda utan um þær deildir sem undir hana heyra en einnig að vinna sem verkefnastofa, vinna eftir aðferðafræði verkefnastjórnunar og aðstoða önnur svið við stjórnun verkefna. Helstu skilgreiningar og verklag verkefnastofu er að innleiða verklag og verkferla, aðstoða og þjálfa við stjórnun verkefna, aðstoða við stjórnun á stærri innleiðingum, stuðningur við stjórnendur og deildir í verkefnavinnu, handleiðsla á eftirliti og utanumhaldi verkefna. Forstöðumaður Súlunnar ber ábyrgð á verkefnastofu.



Kjörorð verkefnastofu

### Fræðsla og endurmenntun

Starfsmenn Súlunnar eru hvattir til þess að auka við menntun sína og bæta við þekkingu og reynslu með samvinnu við aðrar deildir. Á árinu 2019 gafst ekki mikill tími í daga tileinkaða fræðslu vegna mikilla breytinga sem áttu sér stað. Hins vegar á seinni hluta ársins 2019 fengu starfsmenn tækifæri til þess að kynna nokkrum aðferðum verkefnastjórnunar. Ein aðferðafræðin kemur frá Lean og nefnist þristar (A3) og er grunnáætlun í hugmyndafræði verkefnis sem fyrirhugað er að setja á laggirnar. Þessa aðferð hafa starfsmenn nýtt sér við að miðla grunnhugmyndum að verkefnum, móta teymi og gera grunn að aðgerðaráætlun verkefnis. Þessi aðferð hefur verið vel nýtt á skrifstofu Súlunnar. Einnig hafa

starfsmenn fengið innsýn í Trello vefforrit sem heldur utan um þau verkefni sem starfsmenn vinna að og veitir yfirsýn yfir verkefnaálag hverju sinni.

### Þróun verklags

Með sameiningu deilda í Gömlu búð hafa þær þróað með sér nýtt verklag þar sem áhersla er lögð á samvinnu þvert á málefni sem hafa hugsanlega ekki samleið en geta byggt undir hvert annað. Með vikulegum fundum og aukinni samvinnu hafa starfsmenn Súlunnar styrkt deildir sínar og nýtt sér krafta úr ólíkum áttum. Með betra gegnsæi á verkefnavinnu deildanna hafa starfsmenn fundið kosti teymisvinnu og nýtt sér styrk og stuðning samstarfsfélaga sinna.

### Verkefni 2019

Hér að neðan er stiklað á stóru yfir þau verkefni sem unnið var að á árinu 2019. Tekið skal fram að listinn er ekki tæmandi. Finna má í listanum verkefni sem kláruðust, hætt var við eða eru enn í gangi.

### Atvinnuþróun

- Fyrstu skref tekin að þjónustumiðstöð við Reykjanesvita – salerni opnuð á árinu.
- Stefnumótun og undirbúningur vegna markaðssóknar gagnvart komu skemmtiferðaskipa – markaðssetning 2020.
- Grunnur lagður að ferðaþjónustuklasa.
- Sóst eftir og gengið frá því að kaupstefnan Vestnorden verði haldin í Reykjanesbæ 2020.
- Aukið samstarf við og eftirfylgni með starfsemi Heklunnar og Markaðsstofu Reykjanes.
- Framfaravog sveitarfélaga 2019.
- Samkomulag við fjármálaráðuneyti um þróun landsvæðis við Keflavíkurflugvöll.
- Samskipti og greiningar vegna fyrirspurna frá fyrirtækjum og einstaklingum.
- Ráðgjöf og aðstoð við stjórnendur, þar með talið hafnarstjóra.
- Verkefnastjórn vegna Plastlauss september / plastlausrar Ljósanætur – tengingar við atvinnulíf og markaðsmál.

### Greiningar og hagsmunagæsla:

- Fall Wow air
- Vegtollar
- Flugstefna
- Hvassahraun
- Atvinnuleysi

### Meningarmál

- Menningarstefna endurskoðuð
- Rekstur Duus Safnahúsa og viðburðir í húsunum
- Samskipti við menningarhópa í sveitarfélaginu s.s. þjónustusamningar
- Stuðningur við grasrótarstarf – styrkir til verkefna á Ljósanótt, verkefnastykir úr menningarsjóði Reykjanesbæjar
- Viðburðir/hátíðir

- Menningarverðlaun
- Skessan
- Styrkumsóknir
- Að fjölga störfum tengdum menningu
- Listaskóli barna
- Kynningarstarf á samfélagsmiðlum og fjölmiðlum
- Samstarf við önnur sveitarfélög – t.d. Safnahelgi á Suðurnesjum, Hljómlist án landamæra

### Kynningarmál

- Kynningarbók fyrir Reykjanes: sveitarfélögin öll innan Reykjanes Geopark
- Gerð kynningarmyndbands um Reykjanesbæ (ímyndarmál)
- Skilti við Strandleið, klára prentun og uppsetningu sem hófst 2017. Njarðvíkurhverfi í ár.
- Laga upplýsingaskilti við Aðalgötu.
- Setja nýja „fídusa“ á vefinn

### Verkefni sem eru í gangi árið um kring

- Endurbætur og uppfærslur á vef Reykjanesbæjar
- Vöktun vefjar frá Site Improve, bæði tölfraeði og gæði vefjarins m.t.t. málfræði, virkni tengla og aðgengis.
- Jákvæð ímynd Reykjanesbæjar

### Ferðamál

- Stækka Safnaverslun
- Markaðssetning: bæklingar endurskoðaðir.
- Þátttaka í kaupstefnum: Mid-Atlantic, Mannamót, Vestnorden.
- Almenn dreifing og kynning til ferðabjóna á svæðinu með heimsóknnum og opnum fundi í samstarfi við Markaðsstofu Reykjanes
- Undirbúningur fyrir Vestnorden.
- Áherslubreytingar á sýningarhaldi í Duus Safnahúsum.
- Viðburðarhald í Duus Safnahúsum.

### Lokaorð

Árið 2019 var upphafið að spennandi tímum fyrir Súluna og má segja að árið 2020 hafi hafist með þó nokkrum breytingum sem marka framsækna tíma fyrir Reykjanesbæ. Stofnun Súlunnar átti sér stað frekar seint á árinu og því má segja að helstu áherslur frá septembermánuði til loka árs hafi farið í aðlögun og undirbúning fyrir komandi tíma. Við sjáum fram á farsælt samstarf bæði innan Súlunnar og við önnur svið Reykjanesbæjar. Vil ég koma á framfæri þakklæti til bæjarstjóra og allra sviðstjóra fyrir góðar móttökur. Mikilvægt er að nefna að þrátt fyrir miklar breytingar bæði á vinnuaðstöðu, vinnuaðferðum og breytingum á stjórnendum skrifstofu Súlunnar hafa starfsmenn sýnt mikla aðlögunarhæfni og jákvæðni á erfiðum tímum. Vill forstöðumaður þakka starfsmönnum sínum fyrir góðar viðtökur og jákvætt viðhorf og lýsa yfir tilhlökkun til samstarfs á komandi tímum.

15. apríl 2020

*Þórdís Ósk Helgadóttir, forstöðumaður Súlunnar*



**REYKJANESBÆR**

**Í KRAFTI FJÖLBREYTTLEIKANS**